

**Nd.**

**773. Frumvarp til laga**

**[423. mál]**

um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68,0 í 125,8 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi dalsins hinn 1. júlí 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í árslok 1945 gerðist Ísland stofnaðili að Alþjóðabankanum (IBRD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) sem aðsetur hafa í Washington. Síðar gerðist Ísland aðili að tveimur systurstofnunum Alþjóðabankans, Alþjóðalánastofnuninni (IFC) 1956 og Alþjóðaframfarastofnuninni (IDA) 1961. Starf Alþjóðabankans og systurstofnana hans hefur hin síðari ár fyrst og fremst beinst að aðstoð og fyrirgreiðslu við þróunarlöndin í formi lánveitinga. Í upphafi beitti Alþjóðabankinn sér einnig af krafti fyrir endurreisn efnahagslífs í ýmsum aðildarlöndum. Á árunum 1951–1973 fengu Íslendingar lán hjá bankanum að fjárhæð um 47 milljónir bandaríkjadala, m.a. til virkjana við Sog, Laxá, Búrfell og Sigöldu, Áburðarverk-smiðjunnar, hitaveituframkvæmda í Reykjavík og loks hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn og Grindavík eftir Vestmannaeyjagosið. Voru þessi lán veitt til langs tíma og á lágum vöxtum. Verða síðustu lánin að fullu endurgreidd á árinu 1998. Ekki verður um frekari lántöku Íslendinga að ræða hjá bankanum þar eð þjóðartekjur okkar eru nú langt fyrir ofan það mark sem bankinn miðar við í lánveitingum sínum. Hins vegar hafa Íslendingar möguleika á lánafyrirgreiðslu samkvæmt sérstökum reglum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er nátengdur bankanum.

Lán Alþjóðabankans til þróunarlandanna eru mjög mikil. Á fjárhagsárinu 1987 samþykkti bankinn þannig lánveitingar að fjárhæð röskir 14 milljarðar bandaríkjadala. Á árunum 1986–1988 er áætlað að lán bankans til þróunarlandanna verði um 5 milljarðar dala á ári nettó og er það um fjórðungur af öllum nettólánum til þessara landa. Lánveitingar Alþjóðaframfarastofnunarinnar, sem eru einkum til verst stöddu þróunarlandanna og á mjög hagstæðum kjörum, hafa einnig verið umtalsverðar og greiddu m.a. á sínum tíma fyrir grænu byltingunni.

Þótt lánveitingar bankans hafi vaxið ört hafa þróunarlöndin þó í enn ríkara mæli þurft á auknu lánsfjármagni að halda, m.a. til fjárfestingar og til að komast úr fátækt og skuldabasli. Þarf því með vissu millibili að hækka hlutafé aðildarríkjanna í bankanum til að tryggja heilbrigðan fjárhagsgrundvöll bankans og auka þannig möguleika hans á frekari lánveitingum eða annarri fjármagnsfyrirgreiðslu, þróunarlöndunum til hagsbóta. Ísland hefur tekið þátt í hækkunum á hlutafé í bankanum og var heimild fyrir síðustu hækkun veitt með lögum nr. 32 frá 4. maí 1982. Hækkaði hlutafé Íslands þá úr 22,2 í 68,0 milljónir dala miðað við gullgengi dalsins hinn 1. júlí 1944.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68,0 í 125,8 eða um 57,8 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi á grundvelli tveggja samþykka bankans sem nú skal gerð grein fyrir.

Annars vegar er farið fram á heimild til þátttöku í almennri hlutafjánhækkun á grundvelli samþykktar bankastjórnar Alþjóðabankans hinn 19. febrúar 1988. Stefnt er að því að hlutafé bankans hækki um 62,0 milljarða bandaríkjadala miðað við gullgengi. Með því að nota margföldunarstuðulinn 1,20635 jafngildir slíkt 74,8 milljörðum núverandi dala. Gert er ráð fyrir því að hlutafé Íslands hækki við þetta um 55,2 milljónir dala miðað við gullgengi eða 66 590 520 dali sem gerir á sölugengi hinn 1. mars 1988 (1 USD = 39,52 kr.) 2632 millj. kr. Af þessari upphæð yrðu þó aðeins 0,3% greidd í dölum, með öðrum orðum 200 000 dalir eða tæpar 8 millj. kr. á árinu 1989, og 2,7% í krónum, andvirði 1 800 000 dala (rösk 71 millj. kr.) sem skiptist á fimm ár, 1989–1993, þ.e. 360 000 dalir (röskar 14 millj. kr.) til greiðslu á ári. Fjárhæðirnar breytast í krónum eftir gengi krónunnar á greiðsludegi. Samtals er innborgunarfé því andvirði 2,0 milljóna dala (um 79 millj. kr.). Hinn hlutinn af hækkun hlutafjárins, tæpar 65 milljónir dala (2553 millj. kr. miðað við ofangreint gengi), er ábyrgðarfé, fé sem Ísland ábyrgist til tryggingar á sínum hluta í skuldbindingum bankans vegna ofangreindrar hækkunar hlutafjárins. Sárálitlar líkur eru taldar á því að á ábyrgðina reyni. Í því sambandi má nefna að aldrei hefur reynt á ábyrgðarskuldbindingar Íslands frá því að það gerðist aðili að bankanum fyrir tæpum 43 árum.

Hins vegar er farið fram á heimild til að taka þátt í sérstakri hlutafjánhækkun á grundvelli ályktunar bankaráðs Alþjóðabankans nr. 395 frá 30. ágúst 1984. Hlutafé Íslands mundi hækka miklu minna á grundvelli sérstöku hækkunarinnar en almennu hækkunarinnar eða um 2,6 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi sem jafngildir 3 136 510 núverandi dölum. Það gerir á sölugengi hinn 1. mars 1988 um 124 millj. kr. Af upphæðinni yrðu þó aðeins greidd 0,875% í dölum, þ.e. 27 444,46 dalir (rösk 1 millj. kr.), og 7,875% í krónum, andvirði 247 000,16 dala (tæpar 10 millj. kr.). Samtals yrði innborgunarféð því andvirði 274 444,62 dala (tæpar 11 millj. kr.) og þarf að greiða það á árinu 1988. Er gert ráð fyrir að það yrði eina greiðslan til bankans á því ári (til samanburðar má nefna að greiðslur vegna þátttöku í almennu hlutafjánhækkuninni 1984–1987 voru tæpar 12 millj. kr. á ári). Af sérstöku hlutafjánhækkuninni yrði það fé, sem ekki þarf að greiða samkvæmt ofansögðu, ábyrgðarfé, með öðrum orðum 2 862 065,38 dalir eða um 113 millj. kr.

Samkvæmt framansögðu skiptast greiðslur til Alþjóðabankans á grundvelli almennu og sérstöku hlutafjánhækkanna (alls um 90 millj. kr.) sem hér segir miðað við sölugengi bandaríkjadals hinn 1. mars 1988 (tölur í m.kr., jafnaðar):

	1988	1989	1990	1991	1992	1993
a. Greitt í krónum .....	10	14	14	14	14	14
b. Greitt í dölum .....	1	8				
c. Samtals .....	11	22	14	14	14	14

Norðurlöndin hafa sameiginlega átt einn fulltrúa ásamt starfsliði í stjórn bankans og er skipt um á tveggja til þriggja ára fresti. Nokkrir Íslendingar hafa setið sem fulltrúar Norðurlandanna í stjórn bankans eða unnið á Norðurlandaskrifstofunni. Hinn 1. ágúst 1988 tekur Jónas Haralz bankastjóri við sem fulltrúi Norðurlandanna í stjórn bankans og verður starfstímabil hans í Washington þrjú ár.